

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 138

Maí 2017

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 2. maí 2017 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Magnús Tumi Guðmundsson - Grímsvötn, eldgosin og tilvera jöklahúsa á tindi virkasta eldfjalls Íslands,

Jökull – húsið á fjallinu. Kvikmynd gerð af Sigmundi Ríkharðssyni og Jóni Kjartanssyni.

VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 2. maí 2017 kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Magnús Tumi Guðmundsson mun fjalla um Grímsvötn, hin tíðu eldgos sem þar verða, hvenær megi vænta að gjósi þar næst, jarðhitann og hlaupin. Einnig verður farið yfir sögu skálabygginga á Grímsfjalli, en það er vel við hæfi nú, þegar rétt 60 ár eru frá því gamli skálinn var reistur og 30 ár síðan nýi skálinn var fluttur á fjallið á miklum sleða sem settur var saman fyrir flutningana. Snjóbílar Landsvirkjunar drógu húsið



Nokkrir heiðursfélagar JÖRFÍ utan við nýja skála á Grímsfjalli í júní 2007, í ferð sem farin var í lok vorferðar til að halda upp á 50 ára afmæli gamla skálans. Frá vinstri: Aftari röð: Stefán Bjarnason, Auður Ólafsdóttir, Halldór Ólafsson. Fremri röð: Haukur Hafliðason, Árni Kjartansson, Hulda Filippusdóttir og Ingibjörg Árnadóttir. Mynd: Magnús Tumi Guðmundsson.

uppeftir aðfaranótt 17. júní í fögru veðri og góðu færi. Húsin á Grímsfjalli eru miðstöð rannsókna á Vatnajökli og þar eru hýst mikilvæg tæki sem vakta Grímsvötn og aðrar eldstöðvar, en vesturhluti Vatnajökuls er virkasta eldgosasvæði landsins.

Eftir kaffi verður sýnd kvikmynd um flutninginn á húsinu 1987. Myndina gerðu Sigmundur Ríkharðsson og Jón Kjartansson.

SUMARFERÐ

Sumar- og haustferð JÖRFÍ 2017 verður farin helgina 8. - 10. september. Gist verður í Strútsskála og farið að Sléttjökli. Frekari upplýsingar berast í sumar.

FÉLAGSGJÖLD JÖRFÍ

Félagsgjöld JÖRFÍ hafa nú verið hækkuð lítillega frá síðasta ári. Félagsgjöldin verða kr. 7.000,- á þessu ári en nemenda- og fjölskyldugjald verður kr. 3.500,-.

AFKOMUMÆLINGAR Á MÝRDALSJÖKLI

Sjálfboðaliðar Jökklarannsóknafélagsins hafa frá 2007 farið árlega til afkomumælinga á Mýrdalsjökli en áður var afkoman mæld 1944, 1955 og 2001. Næsta mælingaferð er fyrirhuguð laugardaginn 13. maí. Áhugasamir félagar í JÖRFÍ eru velkomnir með á jöklabifreiðum sínum en reynt verður að skipa þeim í laus sæti sem ekki komast á eigin farartæki. Ferðin tekur jafnan heilan dag, þar sem lagt er í hann snemma dags úr Reykjavík og komið aftur tilbaka síðla kvölds. Ætlunin er að bora fimm afkomuholur og sinna öðrum verkefnum eins og tilefni gefur til.

Fararstjóri ferðarinnar er Eyjólfur Magnússon (”eyjolfm@hi.is”) en frekari upplýsingar um ferðina birtast á vefsíðu félagsins: “<http://jorfi.is>” er nær dregur.



Þátttakendur í mælingarferðinni á Mýrdalsjökli í maí 2007, fyrstu ferðinni síðan 2001. Frá vinstri: Hálfán Ágústsson, Hjörtur Hannesson (situr), Eiríkur Lárusson, Björn Oddsson, Katrín Auðunardóttir, Sólveig Kristjánsdóttir, Sjöfn Sigsteinsdóttir, Ögmundur Erlendsson, Sigurjón Einarsson, Þorkell Kolbeinsson og Skafti Brynjólfsson. Ljósmynd: Hrafnhildur Hannesdóttir.

AÐALFUNDUR 2017

Aðalfundur JÖRFÍ var haldinn í Öskju 28. febrúar. Fundarstjóri var kosinn Tómas Jóhannesson og Finnur Pálsson fundarritari. Á fundinum var Halldór Ólafsson kosinn heiðursfélagi með lófataki. Halldór hefur verið virkur í starfi félagsins í sex áratugi og fór sína fyrstu vorferð 1957, þegar skálinn var byggður á Grímsfjalli. Hann hefur verið virkur á mörgum sviðum innan félagsins alla tíð en ekki síst hefur hann haft forystu um að varðveita og hlúa að þeim menningararfi sem falinn er í söngtextum og ljóðum Sigurðar Þórarinssonar. Þessum einstæðu verðmætum hefur Halldór haldið saman, en margir söngtextanna eru ortir í Vatnajökulsferðum og fjalla um jöklafólk. Flutt var skýrsla formanns og endurskoðaðir reikningar samþykktir. Ekki urðu breytingar á stjórn og valnefnd á fundinum. Fundargerð aðalfundar er aðgengileg á vef félagsins: ”<http://jorfí.is>”. Á fyrsta stjórnarfundum 6. mars skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var staðfest á stjórnarfundum 7. apríl.

Stjórn JÖRFÍ 2017:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri
Guðfinna Aðalgeirsdóttir, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi

Varastjórn: Vilhjálmur S. Kjartansson, Ragnar Þór Jörgensen, Hálfán Ágústsson og Þóra Karlsdóttir.

Nefndir JÖRFÍ 2017:

Rannsóknanevnd: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Alexander Jarosch, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Bergur Einarsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálf dán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd: Sigurður Vignisson formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Finnur Sigursteinsson, Garðar Briem og Hallgrímur Þorvaldsson.

Skálanefnd: Ragnar Þór Jörgensen formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmarsson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

Ferðanevnd: Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Bergur Bergsson, Herdís Schopka, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson og Þorsteinn Jónsson.

Ritstjórar Jökuls: Bryndís Brandsdóttir, Leó Kristjánsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Ritnefnd Jökuls: Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

Skemmtinefnd: Árni Páll Árnason (formaður), Herdís Schopka, o.fl.

Valnefnd: Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

Gjörfínefnd: Þóra Karlsdóttir formaður og Ástvaldur Guðmundsson

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson